

Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði eru að öllum líkindum nálægt 16.000 um þessar mundir.

Ráðherra varar við daðri við fordóma

Gera má ráð fyrir að á árinu 2006 hafi hátt í 11.000 erlendir ríkisborgarar komið til starfa á Íslandi, þótt ekki séu þeir svo margir starfandi á hverjum tímapunkti, og að um 6.000 séu enn á vinnumarkaði sem voru hér starfandi á árinu 2005. Erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði eru því að öllum líkindum nálægt 16.000 um þessar mundir.

Frjáls för verkafólks í samræmi við grundvallarreglur samningsins um evrópska efnahagssvæðið varð tilefni mikillar umræðu í haust.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra segir að umræða sem slík sé bæði holl og nauðsynleg, „en ég vara eindregið við að menn daðri við fordóma, því að það bitnar á þeim sem síst skyldi.“

Magnús segir að innflytjendamál hafi verið í forgangi í félagsmálaráðuneytinu frá því að hann tók við stjórnartaumunum þar í sumar.

Unnið sé á mörgum vígstöðvum og í góðu samráði við aðila



vinnumarkaðarins við að styrkja innviði atvinnulífsins, bæta eftirlit og auðvelda innflytjendum aðlögun að íslensku samfélagi.

„Til dæmis hefur ríkisstjórnin stóraukið framlög til íslenskukennslu fyrir innflytjendur,“ segir Magnús.

„Við Íslendingar verðum að rækja sómasamlega þær skyldur sem við höfum tekist á herðar í alþjóðlegu samhengi til að eiga kost á hagræðinu sem í EES-samningnum felst.

Í þeim skyldum felst frjáls för launafólks bæði hingað til lands og héðan til annarra aðildarríkja.

Í samningnum felast gagnkvæmur réttur og skyldur. Auk þess hefur atvinnulífið kallað á fleiri vinnandi hendur en íslenskt samfélag hefur haft yfir að ráða.“

Félagsmálaráðherra segir að aldrei verði liðið annað en að heilsteypur vinnumarkaður þróist áfram hér á landi.

„Í ráðuneytinu hefur verið brugðist við fréttum um að aðbúnaður verkafólks, meðal annars útlendinga, sé óviðunandi.

Ég hef þar að auki kynnt í ríkisstjórninni frumvarp til laga sem felur meðal annars í sér að tókin á þessum málum verði hert ásamt því að skerpa ábyrgð fyrirtækja.“

Hann bætir við að markmiðið með frumvarpinu um réttindi og skyldur erlendra fyrirtækja sem senda starfsmenn tímabundið til Íslands og starfskjör starfsmanna þeirra sé meðal annars að erlendir starfsmenn á íslenskum vinnumarkaði fái laun og önnur starfskjör í samræmi við íslensk lög og kjarasamninga. Þar með talin séu réttindi í sambandi við til dæmis veikindi og slys og bætur vegna andláts, varanlegs líkamstjóns og tímabundins missis starfsorku.

„Þetta nýja frumvarp gerir ráð fyrir ríkri upplýsingaskyldu og eftirliti og heimild til að stöðva atvinnustarfsemi ef ekki er farið að settum reglum.“ ■

Sveitarstjórnarkosningar 2006

Sveitarfélögum fækkaði um 26 á síðasta kjörtímabili. Breytingar voru sem hér segir og eru nöfn sameinaðra sveitarfélaga og ný nöfn sveitarfélaga feitletruð:

Sveitarfélögum fækkaði um 26 á síðasta kjörtímabili. Í sveitarstjórnarkosningunum 27. maí 2006 var kosið til nýrra sveitarstjórna í 79 sveitarfélögum. Þessi fækkun sveitarfélaga hefur haft umtalsverð áhrif á sveitarfélagaskipan í landinu.

Við upphaf kjörtímabilsins 2002-2006 voru sveitarfélögin í landinu 105 og hafði fækkað um 19 úr 124 á kjörtímabilinu þar á undan.

Fyrsta sameining kjörtímabilsins fór fram samhliða alþingis-kosningunum 10. maí 2003 þegar kosið var um sameiningu Stöðvarhrepps og Búðahrepps og var sameiningin samþykkt í báðum sveitarfélögum.

Samhliða forsetakosningum 2004 var sameining Akureyrarkaupstaðar og Hríseyjarhrepps samþykkt og tók sameiningin gildi þann 1. ágúst sama ár.

Fækkun sveitarstjórnarmanna vegna sameiningar sveitarfélaga nam 120 fulltrúum frá upphafi síðasta kjörtímabils en 128 fulltrúum sé þeirri fækkun bætt við sem leiddi af samþykktum sveitarstjórna.

Heildarfjöldi sveitarstjórnarmanna sem kjörnir voru í kosningunum 2002 var 657 en 529 í sveitarstjórnarkosningunum 2006.



10/05/03	Austurbyggð Stöðvarhreppur Búðahreppur	Fáskrúðsfjarðarhreppur Austurbyggð
	Samtals tvö sveitarfélög með 845 íb. (fækkar um 1)	Samtals fjögur sveitarfélög með 4.137 íb. (fækkar um 3)
28/01/04	Sveitarfélagið Garður Félagsmálaráðuneytið staðfestir nafnabreytingu á Gerðahreppi í Sveitarfélagið Garð.	10/01/06 Sveitarfélagið Vogar Vatnsleysustrandarhreppur breytir nafni sínu í Sveitarfélagið Vogar.
17/06/04	Sveitarfélagið Álftanes Bessastaðahreppur breytir nafni sínu í Sveitarfélagið Álftanes.	21/01/06 Norðurþing Húsvíkurbær Kelduneshreppur Öxarfjarðarhreppur Raufarhafnarhreppur
01/08/04	Akureyrarkaupstaður Akureyrarkaupstaður Hríseyjarhreppur	Samtals fjögur sveitarfélög með 3.031 íb. (fækkar um 3)
	Samtals tvö sveitarfélög með 16.228 íb. (fækkar um 1)	28/01/06 Fjallabyggð Ólafsfjarðarbær Siglufjarðarkaupstaður
01/11/04	Fljótsdalshérað Austur-Hérað Fellahreppur Norður-Hérað	Samtals tvö sveitarfélög með 2.298 íb. (fækkar um 1)
	Samtals þrjú sveitarfélög með 2.931 íb. (fækkar um 2)	11/02/06 Flóahreppur Gaulverjabæjarhreppur Hraungerðishreppur Villingaholtshreppur
20/11/04	Húnavatnshreppur Bólstaðarhlíðarhreppur Sveinsstaðarhreppur Svínavatnshreppur Torfalækjarhreppur	Samtals þrjú sveitarfélög með 526 íb. (fækkar um 2)
	Samtals fjögur sveitarfélög með 420 íb. (fækkar um 3)	20/02/06 Dalabyggð Dalabyggð Saurbæjarhreppur
20/11/04	Hvalfjarðarsveit Hvalfjarðarstrandarhreppur Innri-Akraneshreppur Leirár- og Melahreppur Skilmannahreppur	Samtals tvö sveitarfélög með 715 íb. (fækkar um 1)
	Samtals fjögur sveitarfélög með 559 íb. (fækkar um 3)	11/03/06 Húnavatnshreppur Húnavatnshreppur Áshreppur
23/04/05	Borgarbyggð Borgarbyggð Borgarfjarðarsveit Hvítársíðahreppur Kolbeinsstaðahreppur	Samtals tvö sveitarfélög með 471 íb. (fækkar um 1)
	Samtals fjögur sveitarfélög með 3.447 íb. (fækkar um 3)	11/03/06 Strandabyggð Hólmavíkurbær Broddaneshreppur
08/10/05	Fjarðabyggð Fjarðabyggð Mjóafjarðarhreppur	Samtals tvö sveitarfélög með 500 íb. (fækkar um 1)
		08/04/06 Langanesbyggð Þórshafnarhreppur Skeggjastaðahreppur
		Samtals tvö sveitarfélög með 542 íb. (fækkar um 1)

Íbúðalánasjóður í deiglunni

Starfshópurinn um þátttöku stjórnvalda í íbúðalánunum hafði það að leiðarljósi í starfi sínu að við breytingar á íbúðalánakerfinu verði í engu fórnað eftirfarandi hlutverki í stefnumörkun stjórnvalda:

- Að stjórnvöld tryggi aðgang almennings að lánsfé til íbúðakaupa á eins góðum kjörum og kostur er.
- Að stjórnvöld auðveldi tekju- og eignaminni kaupendum þátttöku á fasteignamarkaði á jafnréttisgrundvelli.
- Að landsmenn geti átt viðskipti um húsnæði um allt land. Í því felst að tryggja jafnan aðgang að lánnum til íbúðakaupa á sömu kjörum hvar sem er á landinu.
- Að stjórnvöld tryggi framboð lánsfjár til að efla og halda við leigumarkaði.
- Að þeirri neytendavernd sem Íbúðalánasjóður tryggir í dag verði ekki fórnað.

Starfshópur um hlutverk og aðkomu stjórnvalda að íbúðalánamarkaðnum leggur til nýja leið til að fjármagna íbúðalán hér á landi sem felst í útgáfu sérvarinna skuldabréfa (e. covered bonds).



Fyrirkomulag af þessu tagi hefur gefist vel í nágrannalöndum okkar áratugum saman. Starfshópurinn, sem félagsmálaráðherra skipaði í febrúar, tók mið af þeirri reynslu í skýrslu sem hann skilaði í september sl. Unnið er að frumvarpsgerð sem byggist á tillögum starfshópsins í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Félagsmálaráðherra hefur meðal annars gert eftirlitsstofnun EFTA, ESA, grein fyrir hugmyndum um hugsanlegar frekari breytingar á húsnæðislánakerfinu en íslensku bankarnir kærðu starfsemi Íbúðalánasjóðs til ESA þar sem þeir telja að óbreytt starfsemi sjóðsins samræmist ekki reglum um frjálsa samkeppni á grundvelli EES-samningsins.

Starfshópnum var falið að efna til víðtæks samráðs um framtíðarstefnumótun hvað varðar þátttöku stjórnvalda á íbúðalánamarkaði. Í vinnu hans var haft samráð við meira en 20 hagsmunaaðila.

Átak í þjónustu við geðfatlað fólk

Á haustdögum 2005 ákvað ríkisstjórnin að veita einum milljarði króna af söluandvirði Símans – og hálfum milljarði betur úr Framkvæmdasjóði fatlaðra – í stofnkostnað til þess að tryggja fullnægjandi búsetu- og stoðþjónustu fyrir geðfatlað fólk á árunum 2006-2010. Því fylgir skuldbinding um tilheyrandi rekstrarkostnað.

Að baki þessari ákvörðun lá stefna ríkisstjórnarinnar í málaflokknum frá myndun hennar 2003 og ítarleg könnun á þjónustupörfum geðfatlaðs fólks sem gerð var á vegum ráðuneyta félags- og heilbrigðismála á öndverðu árinu 2005. Hún náði til um 500 manns um land allt og leiddi m.a. í ljós að vel á annað hundrað geðfatlaðs fólks hefði þörf fyrir

betri búsetu- og stoðþjónustu en það bjó við. Þá er átt við fólk sem býr við alvarlega og langvinna geðröskun sem hefur í för með sér skerta færni til sjálfstæðrar búsetu, atvinnu eða virkrar þátttöku í samfélaginu að öðru leyti. Af því leiðir þörf fyrir fjölbætta þjónustu og stuðning sem ætla má að verði í mörgum tilvikum til langframa.

Forsendum, framkvæmd og niðurstöðum könnunarinnar er lýst í skýrslu sem er að finna á vefsíðu félagsmálaráðuneytisins, <http://www.felagsmalaraduneyti.is>. Þar er einnig að finna þá stefnu og framkvæmdaáætlun sem unnið er eftir.

Málefni geðfatlaðs fólks heyrir undir félagsmálaráðuneytið samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og því er á vegum þess unnið að þessu verkefni en í nánu samstarfi við heilbrigðisráðuneytið. Það starf er í höndum verkefnisstjórnar, skipaðri fulltrúum beggja ráðuneyta. Henni til fulltingis er ráðgjafahópur notenda og aðstandenda og framkvæmdahópar fagfólks ásamt verkefnisstjóra.

Félagsmálaráðuneytið hefur þegar tekið við félagslegri þjónustu við nokkurn hóp af geðsviði Landspítalans og gert er ráð fyrir að á árinu 2007 muni um 60 manns bætast við þann hóp samkvæmt framkvæmdaáætlun sem nær til ársins 2010.

Jólagjöfin í ár – aðgerðaáætlun gegn ofbeldi

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra hefur ákveðið að endurskipa samráðsnefnd sem samdi aðgerðaáætlun stjórnvalda vegna ofbeldis á heimilum og kynferðislegs ofbeldis gegn börnum. Skipunartími nefndarinnar hefði að óbreyttu runnið út í janúar 2007.

Helsta verkefni endurskipaðrar nefndar verður að fylgja aðgerðaáætluninni eftir í framkvæmd og að halda stjórnvöldum við efnið þannig að fjárveitingar sem hún byggist á séu tryggðar hverju sinni.

Thelma Ásdísardóttir, fulltrúi Stígamóta, kallaði aðgerðaáætlunina „jólagjöfina í ár“.

„Ofbeldi gegn konum og börnum er samfélagslegur vandi sem krefst samstilltra aðgerða,“ segir Magnús. „Umræðan hefur stundum markast af aðstæðum kvenna sem hafa verið eða eru þolendur ofbeldis en full ástæða þykir til að beina sjónum samfélagsins einnig að kynferðisbrotum og ofbeldi sem börn eru beitt, andlegu og líkamlegu.“

Magnús Stefánsson segir nauðsynlegt að ráðast gegn rótum vandans, læra að greina hann og leita uppbyggilegra úrlausna til að vinna gegn ofbeldi sem beinist að konum og börnum. Ekki sé síður mikilvægt að draga úr þeim skaða sem ofbeldið veldur.

Thelma sýndi hugrekki

Félagsmálaráðherra heimsótti Stígamót í haust og fræddist um starfsemina, afleiðingar kynferðisofbeldis, árangur af sjálfshjálparstarfi samtakanna og hugmyndir um starfsemi utan höfuðborgarsvæðisins.

Fundurinn var áhugaverður og tölulegar upplýsingar samtakanna um umfang kynferðisbrota sláandi.

Félagsmálaráðherra hefur m.a. skrifað undir samning um framkvæmd verkefnisins Karlar til ábyrgðar. Um er að ræða eina sérhæfða meðferðartilboðið fyrir karla sem beita ofbeldi á heimilum hér á landi.

Aðgerðaáætlunin gegn heimilisofbeldi og kynferðislegu ofbeldi var unnin á vettvangi samráðsnefndar félagsmálaráðuneytis, dóms- og kirkjumálaráðuneytis, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga en jafnframt var fenginn sérstakur starfsmaður til að vinna aðgerðaáætlunina með nefndinni og starfsmönnum félagsmálaráðuneytisins.

Við gerð áætlunarinnar var auk þess haft samráð við fjölda aðila sem koma að málum sem varða ofbeldi gegn konum og börnum.

Aðgerðaáætlunin var samþykkt í ríkisstjórn í lok septembermánaðar. Þá var áætlunin jafnframt samþykkt í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samtals er um 37 aðgerðir að ræða í áætluninni. Einstök ráðuneyti eru ábyrg fyrir framkvæmd sérhverrar aðgerðar innan tiltekins tímaramma. Áætlunin gildir til ársins 2011.



Til dæmis telja þau að 17% barna og ungmenna hér á landi hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi af einhverju tagi.

Thelma Ásdísardóttir, Stígamótakona, gaf félagsmálaráðherra bókina *Myndin af þabba* sem Gerður Kristný



Ráðherra kynnti aðgerðaáætlunina á fundi í Þjóðmenningarhúsinu í tengslum við 16 daga átak Mannréttindaskrifstofunnar gegn kynbundnu ofbeldi.

Helstu markmið aðgerðaáætlunarinnar, sem er sú fyrsta sinnar tegundar hér á landi, eru þessi:

- Að auka fyrirbyggjandi aðgerðir sem stuðla að viðhorfsbreytingum í þjóðfélaginu og opinni umræðu um ofbeldi gegn börnum og kynbundnu ofbeldi.
- Að styrkja starfsfólk stofnana í því að koma auga á einkenni kynbundins ofbeldis og ofbeldis hjá börnum og koma þolendum til aðstoðar.
- Að tryggja einstaklingum sem eru þolendur ofbeldis á heimili eða kynferðislegs ofbeldis viðeigandi aðstoð.
- Að rjúfa vítahring ofbeldis með því að styrkja meðferðarræði fyrir gerendum.


rithöfundur skrifaði um kynferðisofbeldi sem Thelma sætti sem barn.

Magnús tók við gjöfinni með þeim orðum að Thelma sýndi mikið hugrekki þegar hún veitti almenningi hlutdeild í þeirri skelfilegu reynslu sem hún varð fyrir um árabil á uppvaxtarkeiði sínu.

Vinna Stígamóta felst meðal annars í því að gera einstaklinga meðvitaða um eigin styrk og aðstoða þá við að nota hann til að breyta eigin lífi og sjá ofbeldið í félagslegu samhengi en ekki sem persónulega vankanta.

Endurskoðun jafnréttislaga að ljúka

Heildarendurskoðun á jafnréttislögum í þverpólískri nefnd undir forystu Guðrúnar Erlendsdóttur, fyrrverandi Hæstaréttardómara, er á lokastigi. Búist er við að hún skili félagsmálaráðherra tillögum sínum í janúar 2007.



Endurskoðun jafnréttislaganna fer fram í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá því að fyrstu löggin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla voru samþykkt á Alþingi. Margt hefur áunnist á þeim tíma enda þótt ljóst sé að gera þurfi enn betur svo jafnrétti milli kvenna og karla verði náð. Jafnréttismálin eru sífellt að þróast og mikilvægt er að sú þróun endurspeglis í gildandi löggjöf á hverjum tíma.

Félagsmálaráðherra kynnti í haust niðurstöður könnunar Capacent á kynbundnum launamun og launamyndun. Rannsóknin var liður í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum. Meginniðurstaðan olli vonbrigðum. Launamunur karla og kvenna er nánast sá sami og árið 1994. Þegar tekið hefur verið tillit til starfsstéttar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma er óútskýrður munur á launum karla og kvenna 15,7%. Þó er minni munur milli karla og kvenna í hópi stjórnenda en áður og kynbundinn launamunur um 7,5%.

Félagsmálaráðherra ákvað að kalla saman hóp færustu sérfræðinga á þessu sviði til að meta stöðuna í kjölfar skýrslunnar og leggja á ráðin um aðgerðir.

„Ég hef kynnt niðurstöður Capacent í ríkisstjórninni,“ segir Magnús Stefánsson, „og lagt áherslu á að ég ætlist til þess að hið opinbera sýni gott fordæmi. Ég fékk góðar undirtektir og ætlast til þess að við séum betur vakandi en við höfum verið.“

Ýmsar rannsóknir benda til að kynskiptur vinnumarkaður skýri stóran hluta af ójafni stöðu kynjanna. Til að vekja athygli á kynbundnu starfsvali og stuðla að fræðslu um jafnréttismál var vefsíðu bætt við heimasíðu félagsmálaráðuneytisins í lok september undir heitinu „Jöfn framtíð fyrir stelpur og stráka“.



Heimasíðan er ætluð ungmenum, foreldrum, kennurum og námsráðgjöfum og er ætlað að auðvelda náms- og starfsval í samræmi við raunverulegan áhuga fremur en á grundvelli kyns. Slóðin er <http://jafnretti.felagsmalaraduneyti.is> en heimasíðan er einnig vistuð hjá Jafnréttisstofu, <http://www.jafnretti.is>.

Styrkir úr Jafnréttissjóði 2006

Styrkjum úr Jafnréttissjóði var úthlutað í fyrsta sinn í október sl. Úr honum er veitt fé til rannsókna á stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði. Vandaðar rannsóknir af því tagi geta verið lykll að bættri stöðu kvenna og karla og flýtt fyrir framgangi jafnréttis.

Fimm verkefni fengu styrk samtals að fjárhæð 8,9 milljónir króna:

- Agnes Sigtryggisdóttir: Kynbundið starfsval og gildi – samband launa, viðurkenningar og verðleika.
- Þorlákur Karlsson: Óútskýrður launamunur kynjanna.

- Guðný Björk Eydal: Umönnun og atvinnuþátttaka foreldra barna 3 ára og yngri – hvaða áhrif hafa lög um foreldra- og fæðingarorlof haft?
- Auður Arna Arnardóttir: Reynsla af fæðingarorlofi og samspil vinnu og einkalífs frá sjónarhóli fedra og maka þeirra.
- Haukur Freyr Gíslason: Félagsleg áhrif á launavæntingar kynjanna.



Ættleiðingarstyrkir veittir

Greiðslur ættleiðingarstyrkja að fjárhæð **480.000** krónur hefjast um áramótin. Rétt til styrks eiga þeir kjörforeldrar barna sem ættleidd eru frá og með 1. janúar 2007 og hafa fengið útgefið forsamþykki í samræmi við lög um ættleiðingar.

Ættleiðingarstyrkirnir verða undanþegnir staðgreiðslu skatta. Leyfður verður frádráttur frá tekjum sem byggist á sannanlegum kostnaði sem fólk þarf að standa undir við ættleiðingu barns. Styrkumsóknum á að beina til Vinnumálastofnunar.

Lengd viðvera fatlaðra barna

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, undirrituðu í desember samkomulag um lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna árin 2007 og 2008.

Með lengdri viðveru er átt við dægradvöl og aðstoð við heimanám eftir að skólastarfi lýkur til kl. 17 hvern skóladag.

Framlög ríkisins til sjálfseignarstofnana og hagsmunasamtaka sem sjá um þjónustu við fötluð grunnskólabörn, sem jafna má til lengdrar viðveru, verða óbreytt.

Jafnframt verða lög um málefni fatlaðra endurskoðuð í því skyni að kveða skýrt á um hlutverk og ábyrgð ríkis og sveitarfélaga varðandi lengri viðveru fatlaðra grunnskólabarna.



Frá undirritun samkomulagsins, Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga og Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra.

Stefnumótun í málefnum fatlaðra barna og fullorðinna

Drög að stefnu um þjónustu við fötluð börn og fullorðna hafa nú verið á vefsíðu ráðuneytisins um nokkra hríð til umsagnar og eru í þremur skjölum: 1) Samantekt, 2) framtíðarsýn og -stefna og 3) markmið, verklag, hugmyndafræði og greining.

Með þessari birtingu stefnudraganna á vefsíðunni er lokið fyrsta áfanga þessa viðamikla verkefnis sem hófst á haustdögum 2004.

Annar áfangi er þegar hafinn en hann felst í frekara samráðs- og kynningarferli gagnvart sveitarfélögum landsins og samtökum þeirra, notendum, hagsmunasamtökum, fagfélögum, fagfólki o.fl.

Stefnuþingin hafa verið kynnt á undanföllum vikum þegar tilefni hefur gefist. Á næstunni verður sendur tölvupóstur til hundruða aðila sem gera má ráð fyrir að láti sig þetta málefni varða og þeir hvattir til þess að fara yfir stefnuþingin og segja álit sitt á þeim. Áformað er að þetta ferli vari í janúar og febrúar. Þessi leið er farin vegna þess að áhersla er lögð á að viðtæk sátt náist um stefnuna meðal allra hlutaðeigandi aðila.


Þriðji áfanginn er síðan formleg kynning og staðfesting stefnunnar af hálfu félagsmálaráðuneytisins eftir að unnið hefur verið úr þeim ábendingum sem berast. Gert er ráð fyrir að það verði í lok mars.

Fæðingarorlofssjóður á Hvammstanga



Meginstarfsemi Fæðingarorlofssjóðs verður framvegis staðsett á Hvammstanga.

Frá 1. janúar 2007 flyst starfsemi sjóðsins til Vinnumálastofnunar og fól ráðherra við þessa ákvörðun forstjóra Vinnumálastofnunar og starfsmönnum hans að undirbúa flutninginn.



Fréttabréf félagsmálaráðuneytisins

Ritstjóri:
Þór Jónsson

Ábyrgðarmaður:
Ragnhildur Arnljótsdóttir

Félagsmálaráðuneytið
Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík

Netfang:
postur@fel.stjr.is

Veffang:
www.felagsmalaraduneyti.is